

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 708/2008 um þvotta- og hreinsiefni.

1. gr.

Við 5. gr. bætist nýr staflíður, d-liður, sem orðast svo:

- d) Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1336/2008 frá 16. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 í því skyni að aðlaga hana að reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem vísað er til í tölulið 12u, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012, þann 15. júní 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 54 frá 27. september 2012, bls. 554-555.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. mars 2013.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.